



ó, torg mitt, torg

Lifandi umbreytingarferli

Stöðug umbreyting er hluti af grunneðli sérhvers borgarrýmis. Óðinstorg, sem er í senn sögulegt og lifandi, er þar engin undantekning. Það var í byrjun 20. aldar í miklum vaxtarkipp þingholtanna, að staðsetning og nafn Óðinsgötu og Óðinstorgs er ákveðið og landspilda keypt undir torgið. Á fyrstu áratugum 20. aldar risu húsin sem nú standa Óðinsgötumegin við torgið, sem mynda sterka og mikilvæga heild. Eftir því sem áratugirnir liðu risu fleiri hús við torgið austan og norðanmegin auk þess sem ýmiss konar viðbyggingar bættust við húsin sem þegar voru risin. Í gördunum uxu tré, sem mörg hver standa enn í dag í fullum skróða og veita torginu mikilvægt skjól og gæða það árstíðabundnum litbrigðum. Sunnan Óðinstorgs standa yngstu húsin við torgið sem bera 7. og 10. áratug síðustu aldar vitni.

Markmið tillögunnar er að draga fram og styrkja fjölbreytni og lifandi umbreytingu í umgjörð og ásýnd Óðin-storgs. Með nýju skipulagi og inngripum sem eru einföld og látlaus, er bætt við á forsendum þess sem fyrir er. Lega Óðinstorgs í landhalla á mótum fimm mismunandi gatna gefur torginu ákveðna "dýnamík", sem tillagan virkjar með markvissri nýtingu á landhalla og styrktum göngu- og sjóntengingum til ólíkra átta. Með þessu leysast úr læðingi ákveðnir möguleikar sem Óðinstorg sjálft og aðliggjandi götur fela í sér.

Einkenni torgs felast ekki aðeins í umgjörð þess og ásýnd heldur einnig mögulegri notkun og því sem fram fer á torginu. Markmiðið er að skapa sveigjanlegan ramma utan um fjölbreytt mannlíf og starfsemi við Óðinstorg. Torgið lagar sig að ólíkum kröfum, aðstæðum og óskum, eftir árstíð, tíma dags eða viðburðadagatali borga-rinnar. Það er einnig markmið tillögunnar að torgið þoli veðrun og tímans tönn.


Í tillögunni er lögð sérstök áhersla á sveigjanleika og breytileika Óðinstorgs auk bættra sjón- og gönguteng-

ingar þess við Skólavörðustíg. Það er einnig markmið að virkja torgið m.t.t. miðborgarinnar í stærra samhengi. Með því að skipta samkeppnissvæðinu í þrjú mismunandi svæði, hvert með sínu einkenni og hlutverki verður breytileikinn eins konar undirliggjandi þáttur. Í landhallanum mynda svæðin þrjú tvo lárétta fleti sem ganga inn í Óðinsgötu annars vegar og Týsgötu hins vegar. Á milli lárétta flatanna fléttast grænt svæði sem þar sem hæðamismunur torgsins er tekinn upp með tröppum, bekkjum og lágum stöllum. Á þennan hátt er öllum húsum við torgið gert jafnt hátt undir höfði því þau halda sinni afstöðu gagnvart torginu m.t.t. landhallans. Einfalt og heildstætt yfirbragð torgsins felst í samspili hellulagðs yfirborðs, kanta, bekkja og mismunandi tegund gróðurs.


Sérhvert svæði endurspeglar ákveðna tegund almenningsrýma; markaðstorg/svið, almenningsgarður/garður og veitingatorg. Svæðin eru skírskotun til ólíkra hagsmuna- og áhrifaaðila, sem gæða það lífi með athöfnum sínum og áherslum. Um er að ræða verslunar- og veitingamenn, gesti sem koma ýmist langt eða skammt að og síðast en ekki síst íbúa hverfisins, sem er eitt það þéttbýlasta í borginni. Til marks um það þá búa um 4000 manns í um 300 metra radius um-hverfis torgið.

Í takt við nýja tíma og markmið um að gera miðborgina að gönguvænu og lifandi umhverfi, verða öll núverandi bílastæði við Óðinstorg fjarlægð. Óðinsgatan verður sem fyrr einstefnugata til norðurs. Týsgötu verður breytt í einstefnugötu til suðurs og gangstéttin vestan megin rýmkuð, auk þess sem steiptum ljóskollum er komið fyrir á gangstéttinni. Í heild sin-ni verður Óðinstorgið afmarkað með hækkun yfirborðs og þannig myndar torgið einn heildstæðan flöt. Undir hörðu yfirborði á upphækkuðu svæði torgsins verða hitalagnir sem tryggja að torgið verði auðvelt yfirferðar allan ársins hring. Hjólastólafært er milli efri og neðri palls torgsins í aflíðandi halla við Spítalastíg. Frá Óðinsgötu og upp að græna ásnum er einnig aðgengi fyrir gangandi, hjólandi og hjólastóla.







Markaðstorg/svið, almennings-
garður/garður, veitingatorg



Götumarkaður, Óðinsgata



Lítill götumarkaður, óbreytt umferð



Stórviðburður á torginu í heild:
Óðinsgötu og Týsgötu lokað að
hluta.



Færanleg götuhúsgögn og sölubásar



Sæti; bekkir, tröppur og stallar



Stór götumarkaður. Óðinsgötu lokað að hluta.




Veitingatorg. Týsgötu lokað að hluta.



Veitingatorg. óbreytt umferð.



Gróður og leiklandslag.
Til að styrkja ásýnd torgsins og skapa hlýlegt yfirbragð og skjól gerir tillagan ráð fyrir að gróðursetja tré og er flestum þeirra komið fyrir í götumynd Óðinsgötu og Týsgötu.



Umferðarskipulag;
bílastæði, hjólastandar og akstursstefnur.



Hellulagt yfirborð
Hellulögn í akstursleið bifreiða er í sömu hæð og önnur hellulögn á torginu en með grófara yfirborði. Kantsteinn gengur inn í upphækkaðan flöt torgsins og virkar þannig sem aðgreining gangandi og akandi umferðar. Yfirborðsbreytingin eykur jafnframt öryggi sjónskertra.

Markaðstorg / svið

Allt frá upphafsárum Óðinstorgs hefur það verið lifandi svæði verslunar og viðburða, þar sem fólk hefur komið saman til að hittast og hlýða á ræður á tyllidögum og gróusögur á virkum dögum. Vestasti hluti torgsins, sem um leið er neðra svæði torgsins, myndar eins konar markaðstorg og/eða svið utan um mögulega viðburði. Sviðið er teygjanlegt eftir eðli og umfangi sérhvers viðburðar. Það afmarkast af Óðinsgötu í tilfelli minni viðburða, en í tengslum við stærri viðburði getur sviðið vaxið yfir Óðinsgötuna og Spítalastíginn með tilheyrandi lokun gatna. Í þeim tilfellum gengur sviðið inn í sjónlínu frá Spítalastíg, Þórsgötu og Skólavörðustíg og getur þannig fangað athygli þeirra sem fjær eru og þekkja mögulega ekki til torgsins eða viðburðanna sem standa yfir. Landhallinn er að hluta tekinn með bekkjum sem forma sviðið. Góð ásynd er á sviðið frá öllu torginu, sem er með innbyggðan halla. Þannig er náttúrulegur landhalli nýttur til að styðja við sviðshlutverk torgsins um leið og landrask er lágmarkað.

Löng hefð er fyrir verslun við Óðinstorg og Óðinsgötu auk þess sem torgsala með fisk, blóm og grænmeti var mikilvægur hluti af lífinu við Óðinstorg fram undir miðja 20. öld. Mikilvægt er efla verslun við torgið og Óðinsgötu og verður markaðstorgið til þess. Á markaðstorginu má t.d. sjá fyrir sér nytjamarkað íbúa, skiptibókamarkað og tombólur barna úr hverfinu. Markaðstorgið verður einnig vettvangur stærri bænda-, fata-, og jólamarkaða. Í slíkum tilfellum teygir markaðstorgið sig norður Óðinsgötuna í átt að Skólavörðustíg.

Engin bílastæði verða austan við Óðinsgötuna og gangstéttin austan götunnar verður breikkuð sem því nemur með það að markmiði að styrkja tengingu milli framhliða og göturýmis annars vegar og göngu og sjóntengingu milli Skólavörðustígs og Óðinstorgs hins vegar. Bílastæði verða áfram austan Óðinsgötunnar og aðkoma og aðgengi fyrir bíla með vörur tryggt.

Almenningsgarður / garður


Milli markaðstorgsins/sviðsins og Veitingatorgsins gengur fram grænn ás sem nær frá bakgörðum húsanna við Óðins- og Týsgötu að gatnamótum Spítalastígs og Óðinsgötu. Hér fléttast hart yfirborð inn í grænar grasflátir, lágvaxna runna og sumarblóm. Úr verður

almenningsgarður sem tengir saman efri og neðri hluta torgsins. Um leið og almenningsgarðurinn skapar nýjan og mikilvægan grænan ás gegnum torgið fléttast hann inn í hluta af sögulegri vídd trjágróðursins í kringum torgið. Úr almenningsgarðinum má fylgjast með því sem er að gerast á sviðinu eða veitingatorginu. Í garðinum má einnig setjast niður með sjálfum sér með nesti, bók eða hugsanir. Þá er upplagt að rúlla þar út yogadýnu eða köflóttum dúk og skapa sér sitt persónulega rými.

Á vorin, sumrin og haustin kyssir morgunsólin nyrsta og innsta hluta græna ássins. Á afmörkuðu svæði innst í garðinum eru manngerðir hólar, sem hvetja til leiks og hreyfingar. Þetta svæði er eins konar bakgarður eða kjarni torgsins, sem leitar inn á við. Bílaumferð er hér fjarri og því skapast ekki hætta þótt lítil börn bregði undir sig fæti í ærslafullum leik. Auða rýmið á milli Týsgötu 8 og Óðinsgötu 5 getur þannig verið eins konar sameiginlegur einkagarður íbúa hverfisins, sem fá tækifæri til að gera líf og lóð hússins, sem aldrei reis við Týsgötu 8A, að sínu.

Veitingatorg

Í húsinu við Þórsgötu 1 hafa margir gengið um beina gegnum tíðina og enn fleiri notið þar veitinga. Við Týsgötu 8 hefur verið rekið kaffihús í nokkur ár og þá má sjá fyrir sér að í jarðhæð hússins við Óðinsgötu 7 verði veitingastaður eða verslun. Til þess að styðja við þessa starfsemi og um leið skapa líf á torginu, er austasti og efsti hluti torgsins veitingatorg. Stór hluti veitingatorgsins er bæði sól- og skjólríkur og myndar því ákjósanlegt rými utan um útiveitingahald. Reyniviðartré fá að halda sér og meiri gróðri bætt við, en reynitrén mynda ákveðið skjól og ákjósanleg uppbotr á torginu auk þess sem þau dempa sólarljósið á góðum degi. Hjólastatíf og steyptir ljóskollar eru til taks fyrir vegfarendur sem vilja staldra við á torginu, en gegna um leið því hlutverki að verja veitingatorgið fyrir bílaumferð. Veitingatorgið teygir sig í átt að Skólavörðustíg eftir Týsgötunni, sem er einstefnugata í suður. Vestan megin þar sem morgunsólin gægist inn eru gangstéttir rýmkaðar sem nemur einni akrein. Austan Týsgötu verða áfram bílastæði.



Grunnmynd. Ekki í mælikvarða




Sniðmynd. Ekki í mælikvarða




Deiliteikning. Stallur með ljósi.



Bekkur með ljósi, skásýn.



Deiliteikning. Bekkur með ljósi.



Deiliteikning. Handrið með ljósi.

SÓLSTÖÐUR, 21 JÚNÍ



KL. 10:00



KL. 13:00



KL. 15:00



KL. 17:00

JAFNDÆGUR, 21 MARS/SEPT



KL. 10:00



KL. 13:00




KL. 15:00



KL. 17:00

Leikandi ljós

Í tillögunni er tekið mið af einkennum Reykjavíkur, norðlægustu höfuðborgar Evrópu, þar sem lengd dags og nætur er verulega breytileg. Fjölbreyttir notkunarmöguleikar torgsins bjóða upp á að flytja sig milli svæða á torginu eftir því hvar sólar og dagsbirtu gætir. Þá miðar lýsingalausn tillögunnar að því að gera torgið aðlaðandi og öruggt allan sólarhringinn, allan ársins hring. Markmiðið er að nota lýsingu til að gera umhverfið leikandi og eru ljósgjafarnir felldir inn landslag torgsins; steypa bekkir, handrið og stalla, sem á þann hátt verða götugögn í sjálfu sér. Frá núverandi götustaurum sem halda sér að tveimur undanskyldum stafar hlutlaus birta en frá nýjum ljósgjöfum kemur hlýrri birta kemur, sem á þátt í að skerpa andstæður milli umferðar- og dvalarrýmis torgsins. Þá er ljósmengun og orkunotkun haldið í lágmarki með því að nota nákvæma og nútímalega ljóstækni.







Minningadagatal frá Óðinstorgi. Ártal óljóst.

- jan Lýsingin á mannlausu torginu vekur athygli ferðalanganna sem eru að skrá sig inn á Hótelið.
- feb Nokkrir vel dúðaðir vinir eru með heitan drykk við hendina og fylgjast með opnunargjörningi Vetrarnætur.
- mar Útskriftarnemar úr Listaháskóla Íslands taka torgið yfir á Hönnunarmars.
- apr Lítill hópur menntaskólavina spilar borðspil í almenningsgarðinum. Það er fimmti dagur í kennaraverkfalli og furðu hlýtt miðað við árstíma.
- maí Stórfjölskyldan ætlar að fagna útskrift á veitingastað en fyrst er skálað úti í maísólinni. Rauðir túlípanar er í fullum blóma og reyniviðurinn blómstrar.
- jún Vínafólk hefur slegið saman í bröns í garðinum. Á boðstólnum er m.a. ýmislegt gott úr bændamarkaðnum við Óðinsgötu.
- júl Ungt par kemur við á árlegri bílskúrssölu íbúa hverfisins á markaðstorginu. Það er ekkert sem freistar en parið sest niður á veitingatorgið og tekur spjall við nágranna.
- ágú Allt torgið og nærliggjandi götur iða af lífi. Það er Menningarnótt.
- sep Rosknar vinkonur úr hverfinu rifja upp liðna tíð og spá til framtíðar eins og þær gera hér á veitingatorginu á hverjum miðvikudagsmorgni.
- okt Úr garðinum berast hlátrasköll og það glittir í litríka borða og blöðrur: Afmælisveisla 4ra ára stráks sem á heima við Þórsgötu stendur yfir.
- nóv Spurning hvort færni ungviðisins á hjólabrettunum eða Airvawes tónleikarnir veki meiri athygli.
- des Samkvæmt venju endar fjölskyldan bæjarröltið á Þorláksmessu með því að kaupa jólatúlípanana og jólatréið á Óðinstorgi.

